



Fundargerð

1. fundur stjórnar Styrktarsjóðs Snorra Gíslasonar

Fundur var haldinn í stjórn Styrktarsjóðs Snorra Gíslasonar frá Papey í Geysi föstudaginn 2. ágúst 2019. Fundinn sátu Gauti Jóhannesson, Bergþóra Birgisdóttir og Kristján Ingimarsson. Kristján stjórnaði fundi og Gauti ritaði fundargerð.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Skipan formanns
2. Úthlutunarreglur og auglýsing vegna 2019
3. Starfsreglur
4. Fjárhagsleg málefni

-
1. **Skipan formanns**
Stjórn beinir því til sveitarstjórnar að hún skipi formann stjórnar styrktarsjóðsins sem fyrst.
 2. **Úthlutunarreglur og auglýsing vegna 2019**
Að aflokinni yfirferð yfir skipulagsskrá var gengið frá auglýsingu vegna úthlutunar 2019. Stjórn sammála um að auglýsa á samfélagsmiðlum og heimasíðu sveitarfélagsins.
 3. **Starfsreglur**
Stjórn sammála um að setja sér starfsreglur sem fyrst. Kristjáni falið að vinna drög að þeim sem tekin verða til umfjöllunar á næsta fundi stjórnar.
 4. **Fjárhagsleg málefni**
Ekki hefur enn verið gengið frá sérstökum reikningi vegna sjóðsins. Gauta falið að tryggja að það verði gert sem fyrst og að leitað verði leiða til að ávöxtun verði sem hagstæðust.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:30.

Gauti Jóhannesson, fundarritari

Bergþóra Birgisdóttir
Gauti Jóhannesson

Kristján J.